



Fundargerð
Svæðisráð vestursvæðis - 86. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á
fjarfundi,
26. ágúst 2020, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Árni Pétur Hilmarsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,
Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarféлага,
Sandra Brá Jóhannsdóttir, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands,
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

1. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Formaður fer yfir helstu mál af vettvangi stjórnar

Formaður fer yfir helstu atriði af stjórnarfundum undanfarið. Rekstur þjóðgarðsins er í góðu horfi, beðið um að sýnd verði varkárni í rekstri á síðasta hluta ársins. Mikið af framkvæmdum sem fengu styrki á árinu og mikið um að vera. Farið var yfir starfslýsingar stjórnarmanna o.fl. Farið var yfir næstu skref varðandi Vonarskarð, áætlað að á næsta stjórnarfundum verði komin tímalína fyrir þá vinnu.

2. Vestursvæði - Skýrsla þjóðgarðsvarðar - 1912003

Stutt yfirlit yfir sumarið, helstu verkefni sem framundan eru og áherslur fyrir hverja starfsstöð í uppleggi fyrir gerð rekstraráætlunar 2021. Umræður um viðbrögð við styttingu vinnuviku landvarða skv. kjarasamningi o.fl.

Þjóðgarðsvörður fer yfir áherslur fyrir undirbúning rekstraráætlunar. Mikilvægt að auka við landvörslu á svæðinu, forgangsatriði að bæta við þriðja manni á Eldgjásvæðinu og lengja vaktir í Blágiljum vegna vinnu við tjaldsvæðið. Sömmuleiðis þarf að bæta við landvörslu í Nýjadal. Verið er að leita leiða til að fjármagna rafvæðingu á Ferjukoti við Hald, í samstarfi sveitarfélags, VJP og UST, þannig væri hægt að lengja tímabilið sem landverðir búa þar yfir sumarið.

3. Vestursvæði - styrkir o.fl - 1805021

Stefnt er að því að fara í skoðunarferð og skoða sýningar í gestastofum, í tengslum við svæðisráðsfund í lok september. Þjóðgarðsverði falið að gera drög að dagskrá fyrir ferðina.

Ákveðið að fresta plönnum um skoðunarferð um óákveðinn tíma vegna yfirstandandi heimsfaraldurs.

Rætt um aðdraganda og ástæður þess að fyrirhugaðri skoðunarferð í Vonarskarð var frestað til næsta sumars.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 13:55.